

**Aðalfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna,  
Haldinn á Kantine “Berliner Ensemble“ í Berlín, Þýskalandi.**

**Þriðjudaginn 21. mars 2017**

*Fundarstjóri: Óskar Guðjónsson*

*Fundarritari: Líska Z. Valdimarsdóttir*

Óskar Guðjónsson setti fundinn kl. 15:45 og bauð fundargesti velkomna bæði á fundinn og til Þýskalands og sagði ferðina hafa gengið vel hingað til. Hann byrjaði á því að þakka Beate Detlefs fyrir hennar þátt í skipulagi dagskrár ferðarinnar sem hún á nær allan heiður af. Einnig greindi hann frá því að áður en hefðbundinn aðalfundur hefst mun Hella Klauser frá þýsku bókasafnasamtökunum flytja fundargestum erindi sem hún nefnir „Library structures and present issues in Germany“.

Hella Klauser hóf erindi sitt á því að ræða almennt um bókasöfn í Þýskalandi og uppbyggingu þeirra, en kerfið er byggt upp af 16 fylkjum sem hvert fyrir sig hefur sínar reglur. Ríki og sveitarfélög vinna saman og landsbókasafnið er í tveimur byggingum í Frankfurt. Bókasöfnin í landinu eru með fimm mismunandi bókasafnskerfi sem er stundum svölítið flókið. Eingöngu landsbókasafnið og bókasafn alþingis fá fjármagn frá ríkinu, en mörg bókasöfn eru fjármögnuð af fylkjunum sem þau tilheyra. Sveitarfélög reka bókasöfn, en engin ein lög eru til um bókasöfn í Þýskalandi. Í þýsku bókasafnasamtökunum eru um 2.000 söfn, en bókasöfnin eru um 10.000 í heildina í Þýskalandi. Það eru í raun tvö félög fyrir bókasöfn, eitt fyrir almenningsbókasöfn og annað fyrir sérfræðisöfn.

Hella ræddi í lokin um þau verkefni sem áhersla er lögð á á bókasöfnum í Þýskalandi í dag, m.a. stafræn gögn og framtíðin, áherslan á þjónustu bókasafna í úthverfum og alþjóðleg tengsl.

## **Aðalfundur**

### **1. Skýrsla stjórnar.**

Formaður kynnti skýrslu stjórnar fyrir árið 2016-2017, en eitt fyrsta verk hennar var að taka þeirri áskorun sem hún fékk þegar hún var kosin á aðalfundi 2016, að kanna hvort möguleiki væri að halda næsta vofund erlendis. Kostnaður var skoðaður og möguleg dagskrá og á haustfundi samtakanna í Reykjanesbæ var ferðin kynnt og gerð áhugakönnun þar sem mikill áhugi félagsmanna kom í ljós. Mikil undirbúningsvinna fór í gang hjá stjórn og aðstoðaði Beate Dietlefs við dagskrá. Sigrún Guðnadóttir og Katharina Schneider aðstoðuðu við flug og samgöngur innan Þýskalands. Eru þeim öllum færðar þakkir fyrir aðstoðina.

Fyrsti fundur stjórnar var stuttu eftir kosningu hennar eða 6. maí 2016 og hitti ný stjórn fráfarandi stjórn í kjölfarið.

Fyrsta verk nýrrar stjórnar var að skrifa mennta- og menningarmálaráðherra bréf vegna „Bókasafnaráðs sem hefur ekki verið virkt í nokkur ár. Ekkert svar kom frá ráðuneytinu.

Stjórnin setti sig líka inn í stöðu rafbókamála og eftir fund forstöðumanna stærstu almenningsbókasafnanna með Landskerfi og Borgarbókasafni er stjórnin bjartsýn.

Á Landsfundi 2016 hélt læsisráðgjafi Menntamálastofnunar erindi þar sem hann bauð upp á samstarf við bókasöfn. Stjórn SFA greip þann bolta og fylgdi því eftir með því að óska eftir fundi með sérfræðingum Menntamálastofnunar. Fundurinn, sem haldinn var 19. janúar 2017, gekk vel og voru þeir jákvæðir fyrir samstarfi. Ýmis samvinna var rædd, s.s. bókasafnsdagurinn, krakkarúv, sumarlestur og upplýsingar á vefnum bokasafn.is. Ákveðið var á fundinum að hittast aftur í lok apríl.

Stjórnin rýndi í lög samtakanna og mun koma með tillögur að breytingum á næsta aðalfundi. M.a. hefur stjórnin hug á því að leggja til að stjórn sitji í tvö ár í einu í stað eins líkt og núverandi lög segja til um. Stjórnin ræddi einnig heiti samtakanna og gælunafn þess Fína félagið.

Einhverjar breytingar hafa orðið á félagaskrá samtakanna og fjöldi breyst. Söfn hafa sameinast eða verið lögð niður. Einnig lýsir stjórn áhyggjum yfir fáum söfnum á austurlandi í samtökunum.

Ritari tók við vefumsjón samtakanna á árinu, af Áslaugu Bjarnadóttur. Henni eru færðar kærar þakkir fyrir alla vinnuna undanfarin ár.

## 2. Reikningsuppgjör 2016

Gjaldkeri gerði upp árið 2016 og útskýrði hvers vegna tekjur eru ekki eins og síðastliðin ár. En það skýrist af því að félagsgjöld ársins 2017 eru ekki öll komin inn. Reikningar voru samþykktir.

## 3. Lagabreytingar

Engar tillögur að lagabreytingum bárust stjórn.

## 4. Kosning stjórnar

Núverandi stjórn var kosin aftur með öllum greiddum atkvæðum.

## 5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs

Sólveig gaf kost á sér aftur, en Erla Kristín sagði af sér þar sem hún er ekki lengur fullgildur félagi í samtökunum. Barbara Guðnadóttir gaf kost á sér í stað Erlu Kristínar og voru þær Barbara og Sólveig samþykktar. Erlu Kristínu var þakkað fyrir framlagið undanfarin ár og hún leyst út með gjöf.

## 6. Fjárhagsáætlun 2017 og ákvörðun um félagsgjöld.

Áður en fjárhagsáætlun 2017 var borin upp, var það lagt til að félagsgjöld myndu hækka í 9.250 kr. Var það samþykkt.

Fjárhagsáætlun ársins 2017 var lögð fram og var hún einnig samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 7. Önnur mál

a) Varaformaður óskaði eftir umræðum um heiti samtakanna, en samtökin hafa gengið undir tveimur heitum undanfarin ár, Fína félagið og SFA. Pálína kynnti upprunann og tilurð Fína heitisins. Rætt um að þetta getur valdið misskilningi og því samþykkt að halda okkur við eitt heiti, SFA. Léni samtakanna verður breytt og einnig heiti Facebook hóps.

b) Formaður fór aftur yfir hugsanlegt samstarf við Menntamálastofnun og fræddi fundarmenn um þær umræður sem stjórn átti við sérfræðinga stofnunarinnar um mögulega samstarfsfleti.

Hólmkell benti á mikilvægi þess að börn og unglingar lesi sér til ánægju og þar koma bókasöfnin sterk inn.

Einnig var rætt um þann möguleika að setja saman samráðshóp með Menntamálastofnun.

Jóhanna Hafliðadóttir velti því upp hvort Menntamálastofnun gæti beitt sér í útgáfu á munaðarlausum bókum svokölluðum. Þ.e. þýddar bækur sem vantar í seríur.

c) Þá var rætt um fræðslu fyrir félagsmenn og lagt til að stjórnin fái fyrirlesara á haustfund þar sem samtökin eru vel stæð. Mikilvægt er að styrkja félagsmenn í þeirra starfi.

d) Að lokum þakkaði Hólmkell stjórn fyrir gott starf og hvetur hana til að koma bókasafnssjóðnum áfram.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:30